

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 70/2013 um losunarleyfi rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðast svo:

Losunarleyfi sem gefin voru út skv. ákvæðum laga nr. 65/2007 um losun gróðurhúsalofttegunda halda gildi sínu til 15. ágúst 2014. Rekstraraðilar skulu senda Umhverfisstofnun umsókn um nýtt losunarleyfi skv. reglugerð þessari í síðasta lagi 15. maí 2014.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 8. mgr. 8. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 10. september 2013.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Hugi Ólafsson.